

Í vikunni fer fram keppni í haglabyssy-skeet sem heitir Ladies Grand Prix, en eingöngu konum er heimil þátttaka. Mótið fer fram á völlum Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Setning mótsins fer fram á Álfsnesi að morgni fimmtudagsins 16.september kl.10:00 og verða æfingar þann daginn til kl.15:00

Keppendur á mótinu er 6 íslenskar skotkonur og 14 erlendar. Keppt er bæði föstudaginn 17. sept, en þá hefst keppnin kl. 10:00 og síðan laugardaginn 18.september kl.11:00.Skotnir verða 3 hringir (75 leirdúfur) hvorn daginn og síðan er keppt til úrslita í A og B flokkum á laugardeginum. Keppendum verður skipt í 4 riðla, 5 í hverjum og keppt á 2 völlum.